Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 06.11.2019

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 6. nóvember 2019 varðandi eftirfarandi mál.

**Vesturgata 6-10A**
Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 27. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna lóðarinnar nr. 6-10A við Vesturgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir svölum á austurenda vesturgötu 6-8 og endurbyggja svalir með tröppum á Vesturgötu 10. Gististarfsemi heimiluð á 2. hæð Vesturgötu 6-8, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 24. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. desember 2017.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 24. október 2019, og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. desember 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Aðalgötu 23
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

THG arkitektar ehf.
Freyr Frostason arkitekt
Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2017
Tilvísun: 0107 / 201711-0028

**Vesturgata 6-8, svalir við gafl.**

Í tölvupósti 10. nóvember 2017 óskar Freyr Frostason eftir áliti Minjastofnunar Íslands vegna fyrirspurnar um gerð svala við austurgafl Vesturgötu 6-8. Erindinu fylgir endurskoður tillöguuppdráttur THG arkitekta dags. 12.9. 2017.

Sk. húsakönnun Árbæjarsafns nr. 88 frá 2001 var elsti hluti **Vesturgötu 6-8** reistur 1882 sem verslunarhús. Húsið var stækkað í nokkrum áföngum á árunum 1883-1902. Árið 1915 var gerður kvistur á framhlið þess. Veitingastaðurinn Naustið opnaði í húsinu árið 1954 og voru þá gerðar breytingar á útliti hússins sem nú eru að mestu horfnar ásamt merkum innréttingum Sveins Kjarvals. Í húsakönnun er húsið Vesturgata 6-8 talið hafa mikið gildi fyrir verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur auk þess að vera mikilvægur hluti elstu götumyndar Vesturgötu. Vesturgata 6-8 nýtur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar sbr. 2. mgr. 29. gr..

*Minjastofnun heimilar gerð trésvala við austurgafl Vesturgötu 6 samkvæmt tillöguuppdrætti THG arkitekta dags. 12.9. 2017. Frágangur skal taka mið af upphaflegum byggingarstíl hússins og einkennandi deililausnum frá sama tíma. Deili- og sérteikningar af svölum og handriðum skal senda Minjastofnun til umsagnar og samþykktar. Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :
Freyr Frostason (freyr@thg.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)

*Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33.,, 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*